



## YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Fyrr í dag gekk Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á fund minn og baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Ég samþykkti þá lausnarbeiðni en fól forsætisráðherra og ráðuneytinu að sitja áfram uns ný ríkisstjórn hefur verið mynduð, í samræmi við stjórnskipun landsins.

Formenn þeirra stjórnmalaflokka, sem eiga aðild að núverandi ríkisstjórn, hafa tjáð mér að þeir hafi hug á að halda stjórnarsamstarfi áfram undir forystu nýs forsætisráðherra. Þess má vænta að senn komi í ljós hver það verður.

*7. apríl 2024*